



# Samræmd móttaka flóttafólks

Bryndís Gunnlaugsdóttir og María  
Kristjánsdóttir

25. ágúst 2022

Almennt um þjónustu við  
flóttafólk

- Allir sem eru með lögheimili í sveitarfélagi eiga rétt á grunnþjónustu óháð stöðu þeirra.
- Þjónustusamningur um samræmda móttöku er samningur sem gerður er við sveitarfélög vegna þeirra sem fá stöðu flóttafólks óháð því hvernig þeir koma til landsins, þ.e. kvóttافلóttafólk eða flóttafólk á eigin vegum.
- Samningurinn tekur tillit til þeirra viðbótarþjónustu sem starfsfólk félagsþjónustu þarf að veita vegna flóttafólks.
- Endurgreiðsla skv. 15. gr. félagsþjónustulaga er fyrir utan þennan samning og fá öll sveitarfélög endurgreiðslu í allt að tvö ár vegna flóttafólks sem er með lögheimili í þeirra sveitarfélagi ([sjá 6. gr. leiðbeinandi reglna frá 2014](#)).

Þjónustusamningur  
um samræmda móttöku  
flóttafólks

# Markmið samningsins

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er stefnt að því markmiði að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum.

Fleiri en eitt sveitarfélag geta unnið saman að gerð þjónustusamnings

# Ábyrgð þjónustukaupa

Með samningi þessum ber þjónustukaupi ábyrgð á að:

- a) Veita fjármagn til móttökuverkefnisins samkvæmt samningi þessum.
- b) Greiða fyrir stoðþjónustu hjá Fjölmenningssetri og Vinnumálastofnun eins og nánar er skilgreint í kröfulýsingu.
- c) Skipa Samstarfs- og samhæfingarnefnd sbr. kröfulýsingu.
- d) Annast eftirlit og úttektir eins og nánar er kveðið á um í kröfulýsingu.
- e) Veita fjármagn til þróunarverkefna sem tengjast verkefninu.
- f) Skipuleggja í samstarfi við Fjölmenningssetur tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

# Ábyrgð og verkefni þjónustusala

- Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk samkvæmt skilgreiningu í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal 1, og hafa þegið boð um að setjast að í móttökusveitarfélagi (hér eftir nefndir notendur).
- Þjónustusali samþykkir að veita að lágmarki xxx notendum þjónustu á grundvelli þessa samnings og skal hverjum og einum notanda veitt þjónusta til þriggja ára frá því að notandi hefur skráð lögheimili sitt í sveitarfélagið.
- Þjónustusali samþykkir að veita á hverju ári að hámarki xxx notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.
- Séu notendur þegar í þjónustu samræmdrar móttöku flóttafólks hjá þjónustusala við undirritun samnings þessa þá teljast þeir til þess heildarfjölda sem þjónustusali semur um að taka í þjónustu samkvæmt samningi þessum.
- Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala miðast við þann fjölda notenda skv. 2. mgr. sem þjónustusali tekur á móti á gildistíma samningsins skv. 12. gr. og gerðar hafa verið stuðningsáætlanir fyrir.

# Ábyrgð og verkefni þjónustusala

- Þjónustusali skal veita notanda einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við kröfulýsingu og kostnaðarlíkan sem eru fylgiskjöl með samningi þessum.
- Á gildistíma þjónustu þjónustusala gagnvart notanda, sbr. 5. mgr., getur viðkomandi afþakkað þjónustuna og lokið henni áður en tímabilinu lýkur.
- Flytjist notandi búferlum á milli sveitarfélaga á gildistíma samningsins geta sveitarfélög óskað eftir því að greiðslur skv. 6. og 7. gr. flytjist ennfremur á milli sveitarfélaga, enda séu bæði sveitarfélögin aðilar að verkefninu.
- Um ábyrgð og verkefni þjónustusala vísast til fyrrgreindrar kröfulýsingar þar sem kröfur til þjónustusala eru skilgreindar. Þá skal þjónustusali afla og miðla lykiltölum og gögnum um veitta þjónustu. Fenginn skal óháður aðili til þess að gera úttekt á verkefninu og skal þjónustukaupi standa straum af kostnaði við úttektina.



# Fyrirkomulag greiðslna og reikningar

- Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi XX m.kr. ársfjórðungslega út gildistíma samnings þessa. Sé árleg fjárhæð kostnaðar hærrí en xx m.kr. sendir þjónustusali reikning fyrir mismuninum ásamt rökstuðningi fyrir auknum kostnaði. Greitt er í samræmi við fjölda stuðningsáætlana sem þjónustusali hefur skilað til Fjölmenningsseturs. Greitt er samkvæmt kostnaðarlíkani, sbr. fylgiskjal 2.
- Ársfjórðungslega skal þjónustusali senda reikning til þjónustukaupa samkvæmt sniðmáti sem þjónustukaupi ákveður hverju sinni. Lokauppgjör skal gert eigi síðar en 1. september ár hvert.

# Greiðslur

Greiðslur, aðrar en endurgreiðslur skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefni skv. kröfulýsingu eru:

- a) Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani, sbr. fylgiskjal 2, sem greinir umfang þessara þjónustubátta í málum er falla undir samning þennan. Umfang mála er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Kostnaðarlíkan er tilgreint sem fylgiskjal 2. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.
- b) Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu tólf mánuðina.

# Eftirlit

Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala á samningi þessum m.a. hvað varðar aðbúnað notenda og inntak þjónustu. Þjónustusali skal veita þjónustukaupa aðgengi og aðstoð til að þeim skyldum sé fullnægt, sé farið fram á það skriflega með sanngjörnum fyrirvara.

# Breytingar á samningi

- Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.
- Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.
- Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustusala á grundvelli skertra fjárframlaga.

# Ákvæði um endurskoðun

- Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á gildistíma samningsins. Þó skal endurskoða samninginn þegar ár er eftir af samningstímanum frá undirritun hans. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir ákvörðun um hvort samið verður um framhald þjónustunnar.
- Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er þrjú mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

Kröfulýsing

# Kröfulýsing

## Tilgangur kröfulýsingar

- Skilgreinir lágmarkskröfur sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerir til sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki óháð því hvernig það kemur til landsins.

# Samstarfsaðilar

- Hlutverk Fjölmenningsseturs (MCC) – gerir flóttafólki tilboð um móttökusveitarfélag – parar saman flóttafólk og sveitarfélag á grundvelli upplýsinga um viðkomandi - jafnframt veitir MCC leiðbeiningar og ráðgjöf vegna móttöku flóttafólks og vinnur gátlista í tengslum við veitingu þjónustu sjá [hér](#)
- Hlutverk Vinnumálastofnunar – íslenskukennsla og samfélagsfræðsla, sinna náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni tengd atvinnuþátttöku.
- Hlutverk Rauða krossinn - sálfélagslegur stuðningur við flóttafólk



# Rekstrarfyrirkomulag

- Þjónustusali ber ábyrgð á allri framkvæmd þjónustunnar
- Skipulag þjónustu skal vera skilgreind og skýr, svo sem starfssvið og ábyrgð allra starfsmanna.
- Skipulag þjónustu þarf að uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í kröfulýsingu.
- Móttökuáætlun- æskilegt að þjónustusali geri almenna móttökuáætlun skv. fyrirmynd sem unnin hefur verið af MCC.

# Samstarfs- og samhæfingarnefnd

- **Í nefndinni eru fulltrúar**
  - félags- og vinnumarkaðsráðuneytis,
  - mennta- og barnamálaráðuneytis,
  - Fjölmenningsseturs,
  - Rauða kross Íslands
  - Vinnumálastofnunar,
  - auk fjögurra fulltrúa sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki hverju sinni samkvæmt sérstökum samningi.
- **Hlutverk nefndarinnar er að:**
  - Brúa bil milli stjórnarsýslustiga og stofnana sem koma að málefnum flóttafólks
  - Hafa yfirsýn yfir stöðu móttökumála og vettvangur til að deila reynslu og þekkingu.
  - Tryggja sem best samræmi og samhæfingu við móttöku og aðstoð við flóttafólk
  - Greina frá því ef þjónustuaðilar sinna ekki lögbundnu hlutverki sínu.

# Málstjóri

- Er starfsmaður félagsþjónustu
- Sér til þess að veitt sé samfelld þjónusta skv. Kröfulýsingu
- Ber ábyrgð á gerð, uppfærslu og eftirfylgd stuðningsáætlunar
- Tryggir samvinnu á milli allra þjónustuaðila.
- Tekur saman greinargerð við lok móttökupjónustu
- Tryggir aðgengi að fræðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk
- Sækir tvo starfsdaga árlega sem Fjölmenningssetur skipuleggur.

# Rekstur á samningstíma

- Skráning
  - Þjónustusali skal skrá lykilatriði til staðfestingar þess að kröfum sé mætt
- Samskipti og samvinna
  - Samstarfs- og samhæfingarnefnd
  - Framkvæmdahópur – valkvætt þjónustusalar geta stofnað slíka hópa einn yfir landið eða tiltekið landsvæði
- Upplýsingaskylda
  - Ársskýrsla
- Eftirlit
  - Innra eftirlit á ábyrgð þjónustusala
  - Ytra eftirlit á ábyrgð þjónustukaupa getur falið Gev að gera úttektir

# Þjónusta skv. kröfulýsingu

- Móttaka notenda - Hafið búsetu innan 8 vikna frá því boð er þegið
- Útvegum húsnæðis - Tryggja húsnæði til leigu – sem henti þörfum notenda
- Útvega innbú - Útvegar húsbúnað skv. lista sem MCC tekur saman.
- Túlkþjónusta - Viðtöl, ráðgjöf og veiting þjónustu fara fram á tungumáli sem notandi skilur.
- Fyrsta viðtal hjá málstjóra
- Stuðningsáætlun
- Aukinn stuðningur og ráðgjöf
- Tillit til fjölskylduaðstæðna og sérstakar ráðstafanir vegna barna
- Fjölskyldusameining
- Fjölskyldusameiningar fylgdarlausar barna
- Breyting á lögheimili - Flytur á meðan á móttöku stendur þá skal tilkynna til MCC

# Kostnaðarlíkan

# Almennt um kostnaðarlíkanið

- Kostnaðarlíkanið tekur tillit til og áætlar tíma fyrir vinnu sem er umfram lögbundna þjónustu hjá sveitarfélögum. Hérna er um að ræða umfram vinnu í tengslum við félagsráðgjöf, sem getur verið ráðgjöf, virkni og önnur aðstoð, sérstaka umsýslu vegna flóttafólks, sérstakrar umsýslu vegna barna og svo öflun húsnæðis.
- Líkanið skiptist í tvo megin hópa, aðstoð við fólk sem er komið til landsins og leitar eftir alþjóðlegri vernd og svo kvótaflóttafólk. Það hefur sýnt sig að það fólk sem er þegar komið til landsins hefur ákveðið forskot og er komið lengra en kvótaflóttafólk og því þótti ástæða til að aðgreina þetta tvennt.
- Síðan er hvorum hópi fyrir sig skipt niður eftir því hvort um einst. eða hjón sé að ræða og síðan upplýsingar um pr. barn

# Breyting frá líkani útgefið í mars 2020

- Nýtt líkan skiptist í fjölda einstaklinga (með/án barna) og fjöldi hjóna (með/án barna) og síðan fjölda barna. Líkan í mars 2020 gerði ráð fyrir föstum tímum vegna barna. Þannig var sama fjárhæð greidd ef um eitt barna eða 8 börn var að ræða í einni fjölskyldu. Þessu hefur nú verið breytt og er greidd fjárhæð pr. barn.
- Tímum er fjölgað fyrir sérstaka umsýslu og félagsráðgjöf/virkniúrræði fyrir kvótaflóttafólk. Einnig eru gerðar breytingar á launatengdum gjöldum, þau eru lagfærð úr 30% í 25%. Síðan er bætt við 0,8% í vegna fræðslu sem eru 2 dagar á ári.
- Auk þess er tekið tillit til breytinga á kjarasamningum vegna styttingu vinnuvikunnar. Það hefur áhrif á útreikning stöðugilda pr. mál
- Greitt verður með flóttafólki í þrjú ár en í fyrri samningi var aðeins greitt í eitt ár



# Kostnaðarlíkan

- Sjá samantekt frá ráðuneytinu um kostnaðarlíkan sem heitir „Kostnaðarlíkan“

# Uppgjör og yfirlitsblað

Ađđ lokum

# Áhugasöm sveitarfélög

- Þurfa að kynna sér öll gögn samningsins mjög vel
  - Þjónustusamning
  - Kröfulýsingu
  - Kostnaðarlíkan
  - Uppgjör og yfirlitsblað

# Mennta- og barnamálaráðuneytið

- Unnið er að því að sækja fjármuni til að styðja við skóla og barnavernd sveitarfélaga er taka á móti flóttabörnum
- Hugmyndir um:
  1. Styrkja brúarsmiði í skólum til að styðja við íslenskunám og aðlögun í leik- og grunnskólum.
  2. Þróa námsefni miðað að flóttabörnum
  3. Aðstoða við uppbyggingu úrræða fyrir flóttabörn með sögu um rofna skólagöngu
  4. Styðja við barnavernd til að efla uppeldishlutverk flóttafólks
- Stýrihópur um málefni barna á flótta og barna af erlendum uppruna sem leidd er af Óttarri Proppé vinnur að frekari greiningu og tillögum

Þau sveitarfélög sem vilja taka þátt í samræmdu móttöku flóttafólks hafa samband við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Tengiliður við verkefni er Ásta Margrét Sigurðardóttir

[asta.sigurdardottir@frn.is](mailto:asta.sigurdardottir@frn.is)

Spurningar

